

MARKAÐSSTOFA  
HÖFUÐBORGAR-  
SVÆÐISINS

---

# Seglar höfuðborgarsvæðisins út frá leitaráhuga

Október 2023

# MARKAÐSSTOFA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## Seglar höfuðborgarsvæðisins út frá leitaráhuga

Október 2023

Í þessari skýrslu gerum við grein fyrir úttekt á leitaráhuga í Bandaríkjunum, á Bretlandi og á Íslandi á ferðatengdum leitarorðum tengdum höfuðborgarsvæðinu. Enn fremur birtum við heildarfjölda myllumerkja á bak við Instagram-pósta vinsælustu ferðamannastaðanna sem gefur einnig vísbendingu um vinsældir viðkomandi staða. Við munum sýna niðurstöður heilt yfir allt höfuðborgarsvæðið en einnig um hvert sveitarfélag fyrir sig. Enn fremur birtum við niðurstöður yfir vinsældir sveitarfélaganna í leit á þessum þremur mörkuðum. Að lokum túlkum við niðurstöðurnar og veitum ráð í sambandi við þá vinnu sem framundan er.

### 01 Vinsælustu ferðamannastaðir höfuðborgarsvæðisins út frá leitaráhuga

*Vinsælustu ferðamannastaðir höfuðborgarsvæðisins – topp 10*

*Ferðamannastaðir sem voru næst topp 10 – sæti 11-20*

*Vinsælustu ferðamannastaðir Reykjavíkur – topp 10*

*Vinsælustu ferðamannastaðir Garðabæjar – topp 5*

*Vinsælustu ferðamannastaðir Hafnarfjarðar – topp 5*

*Vinsælustu ferðamannastaðir Kópavogs – topp 5*

*Vinsælustu ferðamannastaðir Mosfellsbæjar – topp 5*

*Vinsælustu ferðamannastaðir Seltjarnarness – topp 5*

### 02 Vinsældir sveitarfélaga í leit

### 03 Matur og hátíðir

### 04 Niðurstöður

### 05 Ráðleggingar

### 06 Nokkur orð um [visitreykjavik.is](http://visitreykjavik.is)

### 07 Framhaldið

### 08 Úrvinnsla gagna og heimildir

### 09 Viðauki: Trend í leit

### 10 Viðauki: Myndir

*Datera – október 2023*

Hjalti Már Einarsson, [hjalti@datera.is](mailto:hjalti@datera.is)

Elísabet Emma Pálsdóttir, [elisabet@datera.is](mailto:elisabet@datera.is)

## Skilgreining

Þessi úttekt hefur það að markmiði að finna helstu segla höfuðborgarsvæðisins út frá leitaráhuga frá þremur mörkuðum. En hvað er segull? Segull er hlutur með segulmagn, þ.e. hlutur sem myndar segulsvið. Segull hefur aðdráttarafl og í eðlisfræðinni er aðdráttarafl sá eiginleiki hluta sem hafa massa, að dragast hver að öðrum. Í ferðaþjónustu er talað um að seglar séu þeir ferðamannastaðir sem hafa þann eiginleika að laða að sér fólk, annað hvort til landsins eða á tiltekið svæði.

## Varðandi rithátt leitarorða

Heiti margra af þeim stöðum sem minnst er á í skýrslunni má stafsetja á mismunandi vegu. Til að auðvelda lestur skýrslunnar þá munum við aðeins nota eitt heiti fyrir hvern ferðamannastað. Sem dæmi má taka Þríhnúkagíg. Þegar Þríhnúkagígur er nefndur þá á það líka við leitarorðin Thrihnukagigur og Inside the Volcano. Annað dæmi er Hallgrímskirkja, það á líka við Hallgrímskirkja og Hallgrímskirkja church.

## 01 Vinsælustu ferðamannastaðir höfuðborgarsvæðisins út frá leitaráhuga

Í þessum kafla verða niðurstöður greiningarinnar birtar. Fyrst setjum við fram topp 10 lista yfir vinsælustu ferðamannastaði höfuðborgarsvæðisins í heild, en einnig verður birtur listi yfir þá staði sem voru næstir topplistanum. Í kjölfarið birtum við topp 10 listann í Reykjavík og að lokum topp 5 fyrir önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

Upplýsingar um aðferðafræðina og úrvinnslu gagna má finna í kafla 08.

Taflan hér fyrir neðan, tafla 1, sýnir hvaða ferðamannastaðir á höfuðborgarsvæðinu hafa flestar leitir að meðaltali á mánuði, á þremur markaðssvæðum:

- **US:** Leitir að meðaltali á mánuði í Bandaríkjunum sl. 12 mánuði (stærð markaðar: 282 millj.)
- **UK:** Leitir að meðaltali á mánuði á Bretlandseyjum sl. 12 mánuði (stærð markaðar: 61 millj.)
- **US & UK:** Samanlagður fjöldi leita í Bandaríkjunum og Bretlandi, án leita á Íslandi. Birt til að sjá eingöngu leitaráhuga utan Íslands og þá eru engin möguleg áhrif heimamanna.
- **IS:** Leitir að meðaltali á mánuði á Íslandi sl. 12 mánuði, hvort heldur af Íslendingum eða erlendum ferðamönnum sem eru staddir á Íslandi (stærð markaðar: 459 þús.)
- **Samtals:** Samanlagður fjöldi leita fyrir alla þrjá markaði þar sem mögulegur leitaráhugi heimamanna er hluti af heildartölunni.
- **Heildarfjöldi myllumerkja:** Fjöldi Instagram-pósta sem merktir eru með myllumerki er tengist viðkomandi ferðamannastað (gögn fengin í október 2023). Hafa ber í huga að fyrir staði sem bera alþjóðleg heiti þá er erfitt að aðgreina hvaða myllumerki eiga við Ísland.

Hafa ber hugfast að fjöldi leita fyrir hvern stað fyrir sig er ekki algjörlega tæmandi, heldur er þetta samtala helstu ferða- og upplýsingatengdra leitarorða og frasa fyrir viðkomandi stað. Yfirlitið gefur mjög góða mynd af því hvaða ferðamannastaðir eru vinsælastir í leit.

Niðurstöðum er raðað eftir samanlögðum leitarfjölda á US og UK mörkuðum.

## Vinsælustu ferðamannastaðir höfuðborgarsvæðisins – topp 10

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði							
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Sky Lagoon	35.480	23.690	<b>59.170</b>	33.170	92.340	24.391
2	Harpa	19.700	4.210	<b>23.910</b>	17.790	41.700	29.495
3	Hallgrímskirkja	13.740	6.360	<b>20.100</b>	35.070	55.170	163.226
4	Phallological Museum	14.750	2.980	<b>17.730</b>	5.360	23.090	5.606
5	Perlan	9.880	7.090	<b>16.970</b>	39.680	56.650	24.973
6	Sun Voyager	6.120	2.370	<b>8.490</b>	14.800	23.290	42.705
7	Viking hotel/village	3.680	2.760	<b>6.440</b>	2.490	8.930	374
8	Flyover Iceland	2.600	2.560	<b>5.160</b>	20.070	25.230	1.936
9	Þríhnúkagígur	3.530	980	<b>4.510</b>	1.120	5.630	9.671
10	Lava Show	2.420	1.350	<b>3.770</b>	5.580	9.350	1.875

Tafla 1: Ferðamannastaðir á höfuðborgarsvæðinu með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

Þetta eru 10 vinsælustu ferðamannastaðirnir á höfuðborgarsvæðinu út frá leitaráhuga, með áherslu á US og UK en með IS til hliðsjónar.

Vert er að nefna að ef niðurstöðunum yrði raðað eftir samtölu allra þriggja markaða þá hefðu Smáralind, Kringlan og Bláfjöll komist á topp 10 listann á kostnað Viking village/hotel, Þríhnúkagígs og Lava Show. Það er efni í aðra greiningu að finna sérstaklega út muninn á leit heimamanna og svo erlendra ferðamanna á landinu þegar kemur að IS leitinni. Eftir að hafa skoðað t.d. þessa þrjá tilteknu staði sem eru sérstaklega vinsælir á Íslandi kom í ljós að mikill meirihluti leita að þeim tengdist opnunartíma annars vegar og nafni sérstakra verslana hins vegar.

Við munum nú stuttlega gera grein fyrir þessum 10 vinsælustu stöðum. Í viðauka (kafla 09: Trend í leit) munum við varpa ljósi á leitartrend fyrir þessa staði.

**Sky Lagoon** sker sig úr og ber í raun höfuð og herðar yfir aðra staði þegar kemur að leitaráhuga á erlendum mörkuðum og er einnig með gríðarlegt magn leita á Íslandi. Þetta er sérstaklega áhugavert í ljósi þess að Sky Lagoon opnaði vorið 2021. Þetta er ótvíræður segull svæðisins út frá gögnunum.

Dæmi um leitir: Sky Lagoon, skylagoon, Sky Lagoon Iceland o.s.frv.

Til samanburðar má nefna að leitir að Blue Lagoon Iceland eru að meðaltali samtals um 240.000 á mánuði US og UK sem er fjórfalt meira en leitir að Sky Lagoon. Það undirstrikar frábæran árangur á aðeins rúmlega tveggja ára tímabili.

**Harpa** kemur næst á eftir Sky Lagoon. Hafa ber í huga að Harpa er ekki eina Harpa í heiminum og því þurfti að vinsa úr margar ótengdar leitir sem sannarlega höfðu ekkert með okkar Hörpu að gera. Það er mikill áhugi á „Harpa concert hall & conference center“ en einnig fyrir arkitektúrnum og hönnuninni með leitarstrengjum á borð við „Harpa concert hall architecture“ og „Harpa concert hall interior“.

Dæmi um leitir: Harpa, Harpa concert hall, Harpa concert hall Reykjavik o.s.frv.

**Hallgrímskirkja** er frægt kennileiti í Reykjavík og vinsældir hennar í leit eru miklar, ekki síst á Íslandi. Tengdar leitir voru t.d. „Lutheran church Reykjavik“ og „Famous church Reykjavik“ en það var ekki hægt að tengja það við Hallgrímskirkju með beinum hætti, þó að margar þessara leita hafi átt við um hana. Hallgrímskirkja ber höfuð og herðar yfir aðra staði þegar kemur að fjölda myllumerkja, en það eru yfir 160.000 myllumerki á Instagram. Um helmingur leita að Hallgrímskirkju á Íslandi eru á ensku.

Dæmi um leitir: Hallgrímskirkja, Hallgrímskirkja, Hallgrímskirkja church o.s.frv.

**Phallogical Museum** eða Reðursafnið er fjórði vinsælasti ferðamannastaðurinn og sem dæmi þá leita fleiri að safninu heldur en að Hallgrímskirkju í US.

Dæmi um leitir: Phallogical museum, Iceland penis museum, phallic museum o.s.frv.

**Perlan** er í fimmta sæti og vekur athygli að leitaráhuginn er nokkuð jafn á milli US og UK markaðar, því fjöldi leita í US er alla jafna meiri en í UK sökum stærðar. Á þessum topp 10 lista er Perlan með flestar leitir allra á Íslandi.

Dæmi um leitir: Perlan, Pearl Reykjavik, Pearl Iceland o.s.frv.

**Sun Voyager** eða Sólfarið er í sjötta sæti, þó með helmingi færri leitir en Perlan sem er í fimmta sæti. Áhugavert er að leitaráhuginn er talsvert meiri á Íslandi heldur en í US og UK. Nánast allar leitir af Sun Voyager á Íslandi eru á ensku.

Dæmi um leitir: Sun Voyager, Sun Voyager Reykjavik, Sólfarið, Solfarid o.s.frv.

**Viking hotel/village** er í sjöunda sæti og kom leitaráhuginn okkur töluvert á óvart. Áhuginn er nokkuð jafn í US og UK en töluvert minni á Íslandi. Einnig er athyglisvert hversu fá myllumerki eru notuð fyrir þennan stað.

Dæmi um leitir: Viking Village, Hotel Viking Iceland, Hotel Viking Hafnarfjörður, Fjörúkráin, Fjörúkrain, o.s.frv.

Meirihluti leita er að hóteltengdri starfsemi. Nánast allar leitir á íslenskum markaði eru á ensku. Einnig er vert að nefna að við reyndum af fremsta megni að sigta út leitir tengdar „Viking village film set“ sem er allt önnur og ótengd starfsemi fyrir austan.

**Flyover Iceland** er í áttunda sæti og með mikinn leitaráhuga á Íslandi. Flyover Iceland opnaði árið 2019 og hefur átt miklum vinsældum að fagna, ekki síst hjá heimafólki. Leitaráhuginn er nokkuð jafn hjá US og UK.

Dæmi um leitir: Flyover Iceland, Flyover Iceland Reykjavik, Flyover Iceland experience o.s.frv.

**Þríhnúkakagigur** er í níunda sæti með mikinn leitaráhuga í Bandaríkjunum. Á UK markaði situr Þríhnúkakagigur í tíunda sæti en áhugi frá US og Íslandi togar hann upp í níunda sæti. Þess má geta að langflestar leitir á Íslandi þessu tengdu eru á ensku.

Dæmi um leitir: thrihnukagigur, inside the volcano, thrihnukagigur iceland, o.s.frv.

**Lava Show** er í tíunda sæti. Lava Show opnaði sannarlega fyrst í Vík í Mýrdal árið 2018 og hefur byggt upp vörumerkið sitt síðan þá og opnaði síðan sýningu í Reykjavík árið 2022. Það eru fleiri leitir að Lava Show Reykjavík heldur en Vík og höfum við vinsað allar leitir að Lava Show Vík frá þessum tölum.

Dæmi um leitir: Lava Show, Lava Show Reykjavik, the Icelandic Lava Show o.s.frv.



Mynd 1: Yfirlit yfir 10 vinsælustu ferðamannastaði höfuðborgarsvæðisins út frá leitaráhuga

## Ferðamannastaðir sem voru næst topp 10 – sæti 11-20

Einnig er vert að skoða þá ferðamannastaði sem voru næst því að komast inn á topplistann. Við birtum listann hér til upplýsingar en fjöllum þó ekki sérstaklega um þessa tilteknu staði, nema auðvitað þá sem rata inn á topplista sveitarfélaganna hér að neðan.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði						
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals
11	Esjan	2.540	1.200	<b>3.740</b>	3.000	6.740
12	National Museum of Iceland	1.900	1.030	<b>2.930</b>	2.180	5.110
13	Gróttta	2.060	720	<b>2.780</b>	6.170	8.950
14	Imagine peace tower	1.610	500	<b>2.110</b>	560	2.670
15	Laugardalslaug	1.120	900	<b>2.020</b>	5.520	7.540
16	Reykjavík harbour	850	1.120	<b>1.970</b>	1.090	3.060
17	Nauthólsvík	1.240	640	<b>1.880</b>	3.170	5.050
18	Saga Museum	1.180	580	<b>1.760</b>	1.760	3.520
19	Whales of Iceland	1.030	720	<b>1.750</b>	1.920	3.670
20	Smáralind	930	720	<b>1.650</b>	47.010	48.660

Tafla 2: Ferðamannastaðir á höfuðborgarsvæðinu sem voru næstir topp 10 listanum

Eins og áður sagði munum við ekki fjalla sérstaklega um þessa staði en vert er að hafa þá í huga þegar vinna hefst við að ákveða segla svæðisins.



## Vinsælustu ferðamannastaðir Reykjavíkur – topp 10

Í töflu 3 má sjá vinsælustu ferðamannastaði í Reykjavík út frá leitaráhuga.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði							
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Harpa	19.700	4.210	<b>23.910</b>	17.790	41.700	29.495
2	Hallgrímskirkja	13.740	6.360	<b>20.100</b>	35.070	55.170	163.226
3	Phallological Museum	14.750	2.980	<b>17.730</b>	5.360	23.090	5.624
4	Perlan	9.880	7.090	<b>16.970</b>	39.680	56.650	24.973
5	Sun Voyager	6.120	2.370	<b>8.490</b>	14.800	23.290	42.705
6	Flyover Iceland	2.600	2.560	<b>5.160</b>	20.070	25.230	1.936
7	Lava show	2.420	1.350	<b>3.770</b>	5.580	9.350	1.875
8	Esja	2.540	1.200	<b>3.740</b>	3.000	6.740	31.146
9	National Museum of Iceland	1.900	1.030	<b>2.930</b>	2.180	5.110	993
10	Imagine Peace Tower	1.610	500	<b>2.110</b>	560	2.670	3.162

Tafla 3: Ferðamannastaðir í Reykjavík með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

Efstu sjö staðina höfum við fjallað um hér að ofan, en hér bætast þrír nýir staðir á listann sem ekki rötudu á topplistan á höfuðborgarsvæðinu.

**Esja** eða Esjan er í áttunda sæti í Reykjavík en hún er afar nálægt því að ná inn á topp 10 listann fyrir allt höfuðborgarsvæðið, aðeins munar örfáum leitum þar á. Flestar leitir í US og UK eru að fjallinu sjálfu, t.d. „Esja mountain“ og „Mt Esja“, en leitirnar á Íslandi tengjast því frekar að ganga á Esjuna, t.d. „Esjan Iceland hike“ og „Mount Esja hike“.

Dæmi um leitir: Esja, Esjan, mount Esja o.s.frv.

**National Museum of Iceland** er í níunda sæti og líka með mikla leit á Íslandi, við gefum okkar að sá leitarfjöldi sé að mestu leyti erlendir ferðamenn þar sem leitarstrengurinn er á ensku. Til upplýsingar þá eru að meðtali um 1.900 leitir á mánuði á Íslandi að Þjóðminjasafninu á íslensku.

Dæmi um leitir: National museum of Iceland, Iceland national museum o.s.frv.

**Imagine Peace Tower** er í tíunda sæti og nýtur mestra vinsælda í US með þrefalt fleiri leitir þar heldur en í UK. Þá er sami leitarfjöldi á Íslandi og í UK.

Dæmi um leitir: Imagine peace tower, Imagine peace tower Iceland o.s.frv.

Næst skoðum við topp 5 vinsælustu staðina út frá leit í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur. Sveitarfélögin birtast hér í stafrófsröð.

### Vinsælustu ferðamannastaðir Garðabæjar – topp 5

Í töflu 4 má sjá fimm vinsælustu ferðamannastaðina í Garðabæ. Garðabær er annað tveggja sveitarfélaga sem á hvorki fulltrúa á topp 10 né topp 20 listanum.

		Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði					
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Bessastaðir	330	650	<b>980</b>	540	1.520	1.952
2	Heiðmörk	210	150	<b>360</b>	1.460	1.820	6.085
3	Eimverk Distillery	200	60	<b>260</b>	260	520	1.229
4	Fisherman's Village Iceland	30	120	<b>150</b>	10	160	6
5	Álftaneslaug	70	40	<b>110</b>	1.180	1.290	29

Tafla 4: Ferðamannastaðir í Garðabæ með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

Bessastaðir eru vinsælastir í leit í US og UK en aðrir staðir eru með töluvert lægri tölur. Næstu staðir inn á listann voru m.a. Álftanes Beach, Búrfellsgjá og Museum of Design and Applied Art. Hægt er að sjá yfirlitsmynd af topp 5 á bls.25.

### Vinsælustu ferðamannastaðir Hafnarfjarðar – topp 5

Í töflu 5 má sjá fimm vinsælustu ferðamannastaðina í Hafnarfirði.

		Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði					
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Viking hotel/village	3.680	2.760	<b>6.440</b>	2.490	8.930	374
2	Krýsuvík	880	520	<b>1.400</b>	1.900	3.300	22.983
3	Seltún	820	330	<b>1.150</b>	4.090	5.240	9.918
4	Leiðarendi	580	300	<b>880</b>	640	1.520	1.106
5	Kleifarvatn	590	280	<b>870</b>	1270	2140	7.535

Tafla 5: Ferðamannastaðir í Hafnarfirði með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

Leitir tengdar Viking village og Viking hotel Iceland eru nokkuð margar í US og UK og skilar því í efsta sæti í Hafnarfirði og einnig inn á topp 10 listann á höfuðborgarsvæðinu. Eins og nefnt var hér að framan þá vekur athygli hversu fá myllumerki eru tengd staðnum. Þarna er klárlega tækifæri að stýra því betur hvaða myllumerki er notað til að bæta sýnileika og

tengingu staðarins. Krýsuvík og Seltún eru einnig með sterka leit en Leiðarendi og Kleifarvatn eru ekki langt undan. Næstu staðir inn á listann voru m.a. Krýsuvíkirkirkja og Golfklúbburinn Keilir. Hægt er að sjá yfirlitsmynd af topp 5 á bls.26.

### Vinsælustu ferðamannastaðir Kópavogs – topp 5

Í töflu 6 má sjá fimm vinsælustu ferðamannastaðina í Kópavogi.

		Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði					
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Sky Lagoon	35.480	23.690	<b>59.170</b>	33.170	92.340	24.391
2	Þríhnúkagígur	3.530	980	<b>4.510</b>	1.120	5.630	9.671
3	Smáralind	930	720	<b>1.650</b>	47.010	48.660	7.792
4	Bláfjöll	670	730	<b>1.400</b>	9.860	11.260	7.466
5	Gerðarsafn	200	100	<b>300</b>	870	1.470	1.101

Tafla 6: Ferðamannastaðir í Kópavogi með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

Eins og áður kom fram er Sky Lagoon í sérflokkum hvað varðar leitaráhuga í Kópavogi. Einnig beinist mikill áhugi að Þríhnúkagíg. Smáralind er einnig með ágætismagn af leitum og er til að mynda í tuttugasta sæti heilt yfir höfuðborgarsvæðið, þegar litið er til US og UK, sem verður að teljast athyglivert. Næstu staðir inn á listann voru m.a. Kópavogskirkja og Kópavogslaug. Hægt er að sjá yfirlitsmynd af topp 5 á bls.26.

### Vinsælustu ferðamannastaðir Mosfellsbæjar – topp 5

Í töflu 7 má sjá fimm vinsælustu ferðamannastaðina í Mosfellsbæ. Mosfellsbær er annað tveggja sveitarfélaga sem á hvorki fulltrúa á topp 10 listanum yfir allt höfuðborgarsvæðið né í sæti 11–20.

		Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði					
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Helgufoss	330	120	<b>450</b>	770	1.220	656
2	Gljúfrasteinn	150	70	<b>220</b>	660	880	718
3	Hafravatn	60	50	<b>110</b>	400	510	1129
4	Úlfarsfell	50	50	<b>100</b>	1.080	1.180	4.040
5	Lágafellslaug	40	50	<b>90</b>	2130	2220	31

Tafla 7: Ferðamannastaðir í Mosfellsbæ með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

Hér er nokkuð jöfn dreifing en Helgufoss sker sig úr þegar kemur að US og UK. Vert er að nefna að töluvert er leitað að Álafoss en þessar leitir snúa ýmist að Álafosssvæðinu í

Mosfellsbæ, versluninum sem bera sama nafn víðs vegar um höfuðborgarsvæðið, lopa, ull, garni o.fl. Það færi mikil vinna í að reyna að greina á milli þeirra leita og þeirra sem eiga raunverulega við um Álafossvæðið sjálf. Leit að Álafosskvos er lítil sem engin í US og UK.

Landfræðilega mætti segja að Esjan, sem er í 11. sæti á höfuðborgarsvæðinu, sé næst Mosfellsbæ af öllum sveitarfélögum og því gætu þar leynst tækifæri fyrir Mosfellsbæ og nærliggjandi svæði.

Staðir sem eru næstir inn á listann eru m.a. Varmárlaug og Mosfellskirkja. Hægt er að sjá yfirlitsmynd af topp 5 á bls.27.

### Vinsælustu ferðamannastaðir Seltjarnarness – topp 5

Í töflu 8 má sjá fimm vinsælustu ferðamannastaðina á Seltjarnarnesi.

		Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði					
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Gróttta	2.060	720	<b>2.780</b>	6.170	8.950	2.358
2	Kvika Footbath	260	110	<b>370</b>	230	600	152
3	Golfklúbbur Seltjarnarness	240	90	<b>330</b>	210	870	34
4	Seltjörn	170	90	<b>260</b>	1.030	1.290	168
5	Church of Seltjarnarnes	190	70	<b>260</b>	260	520	105

Tafla 8: Ferðamannastaðir á Seltjarnarnesi með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

Gróttta er langvinsælasti ferðamannastaðurinn á Seltjarnarnesi og er auk þess í þrettánda sæti yfir allt höfuðborgarsvæðið. Það skal tekið fram að í tölum fyrir Grótttu felast einnig leitir á borð við „Gróttta Lighthouse“. Það er mikilvægt fyrir Seltjarnarnes að vera með sterkan segul sem getur haft jákvæð áhrif á svæðið í kring.

Staðir sem eru næstir inn á listann eru m.a. veitingastaðurinn Ráðagerði og sundlaug Seltjarnarness. Hægt er að sjá yfirlitsmynd af topp 5 á bls.27.

## 02 Vinsældir sveitarfélaga í leit

Það er áhugavert að skoða hversu vinsæl sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru í leit á umræddum mörkuðum. Hafa ber í huga að tölurnar fyrir neðan eru fyrir leit að nafni sveitarfélags og öllum mögulegum tengdum leitarorðum, ekki endilega ferða- og/eða upplýsingatengdum.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði							
	Sveitarfélög	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Reykjavík	941.420	573.780	<b>1.515.200</b>	615.180	2.130.380	2.664.827
2	Hafnarfjörður	6.040	3.830	<b>9.870</b>	11.380	21.250	42.053
3	Kópavogur	4.640	3.080	<b>7.720</b>	28.310	36.030	22.387
4	Mosfellsbær	2.240	1.380	<b>3.620</b>	7.550	11.170	8.216
5	Seltjarnarnes	1.220	600	<b>1.820</b>	3.580	5.400	7.247
6	Garðabær	1.120	510	<b>1.630</b>	7.580	9.210	8.261

Tafla 9: Vinsældir sveitarfélaga í leit

Reykjavík er eðlilega langvinsælasta sveitarfélagið en Hafnarfjörður og Kópavogur eru nokkuð jafnir í US og UK.

### 03 Matur og hátíðir

Áherslan í þessari greiningu hefur hingað til verið á ferðamannastaði og ýmis kennileiti á höfuðborgarsvæðinu en ekki á einstaka hótél, veitingastaði eða hátíðir. Hins vegar komu upp nokkrir staðir í ferlinu við upplýsingaöflun og greiningu, sérstaklega í matargeiranum, sem vöktu áhuga okkar. Eins skoðuðum við leitaráhuga á ýmsum hátíðum. Til upplýsingar og fróðleiks birtum við hér tvo lista, annars vegar yfir vinsælustu matsölustaði og hins vegar vinsælustu hátíðir. Þess má geta að þessir listar eru ekki tæmandi, ekki frekar en aðrir listar hér, en þeir gefa góða mynd af því sem er oftast leitað að.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði							
	Matur	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Dill Iceland	3.150	700	<b>3.850</b>	530	8.230	2.681
2	Brauð & Co.	2.590	740	<b>3.330</b>	31.410	38.070	3.398
3	Bæjarins beztu	1.750	570	<b>2.320</b>	11.090	15.730	5.532
4	Brikk	1.360	670	<b>2.030</b>	4.160	8.220	4.426
5	Reykjavik 101 street food	1.140	380	<b>1.520</b>	5.410	8.450	176

Tafla 10: Vinsældir matsölustaða í leit

Í töflu 10 er sérlega áhugavert að sjá leitaráhugann á Dill sem myndi koma staðnum á topp 10 listann yfir allt höfuðborgarsvæðið ef matsölustaðir væru teknir með. Eins er áhugavert að sjá fjölda leita að Brauð & Co. frá erlendum mörkuðum.

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði							
	Hátíðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Iceland Airwaves	2.930	1.500	<b>4.430</b>	2.780	7.210	36.532
2	Reykjavik Chess Open	540	330	<b>870</b>	60	930	13
3	Reykjavik Pride	570	190	<b>760</b>	1.000	1.760	11.568
4	Viking Festival Iceland	220	70	<b>290</b>	10	300	24
5	Reykjavik Culture Night	160	80	<b>240</b>	150	390	710

Tafla 11: Vinsældir hátíða í leit

Iceland Airwaves myndi að sama skapi komast á topp 10 lista höfuðborgarsvæðisins út frá leitaráhuga erlendis en aðrar hátíðir eru með töluvert lægri tölur.

## 04 Niðurstöður

Gögnin tala sínu máli hvað varðar leitaráhuga á ákveðnum ferðamannastöðum á höfuðborgarsvæðinu. Við mælum alltaf með því að byggja ákvarðanir á gögnum og nýta gögnin til að rökstyðja ákvarðanir, t.d. af hverju eitt er valið fram yfir annað. Á sama tíma er mikilvægt að þið, Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins, með ykkar þekkingu og reynslu, metið hversu ákjósanlegir ferðamannastaðirnir eru til að vera aðdráttarafl svæðisins, sérstaklega til lengri tíma lítið.

Út frá fjölda leita á stærstu mörkuðunum, US og UK, þá skera fimm staðir sig úr:

- Sky Lagoon
- Harpa
- Hallgrímskirkja
- Phalological Museum
- Perlan

Þrjú þessara segla eru í miðbæ Reykjavíkur, einn þeirra miðsvæðis í Reykjavík og einn í Kópavogi. Þó að það eigi ekki endilega við höfuðborgarsvæðið þá getur oft verið gott að seglar svæðis séu ekki of nálægt hver öðrum til að ekki sé of auðvelt að afgreiða þá alla á stuttum tíma. Markmið svæðisins hlýtur að vera að fá ferðamenn til að dvelja sem lengst og fara sem víðast um svæðið. Það mætti því segja að það væri bæði blessun og bölvun fyrir svæðið hvað framboðið er mikið á frekar litlu svæði, sérstaklega í samanburði við aðra landshluta þar sem að seglarnir eru oftast færri og dreifast á stærra svæði. Það er hins vegar mikil þéttleiki á seglum á topp 20 listanum þar sem 14 af vinsælustum ferðamannastöðunum eru í Reykjavík og 11 af þeim eru miðsvæðis í Reykjavík. Það er gott að hafa þetta í huga þegar seglar svæðisins sem eiga að vera í forgrunni eru valdir.

Það er í rauninni lúxusvandamál fyrir svæðið hvað framboðið af sterkum ferðamannastöðum er mikið en það er alveg ljóst að það hallar á sveitarfélögin í kringum Reykjavík þegar kemur að vinsældum. Sex af tuttugu vinsælustu ferðamannastöðunum í leit eru dreifðir á þrjú önnur sveitarfélög og tvö til viðbótar eiga engan fulltrúa á topp 20. Vinsældir ferðamannastaða vaxa ekki af sjálfu sér heldur þarf að vinna markvisst að því að búa til og byggja upp segla.

Eins og komið hefur fram er **Reykjavík** með 14 af 20 vinsælustu ferðamannastöðunum samkvæmt leitaráhuga í US og UK. Sé eingöngu tekið mið af leitaráhuga eru seglar Reykjavíkur nokkuð augljósir. Til að dreifa ferðamönnum enn betur um höfuðborgarsvæðið er hins vegar mikilvægt að það sé sterkur segull í hverju sveitarfélagi eða þá að minnsta kosti að hvert sveitarfélag sé með sterka aðgreiningu um hvað það stendur fyrir og hefur upp á að bjóða.

Hafa ber í huga að fjarlægðir og vegalengdir á milli staða hér á Íslandi eru mjög stuttar t.d. í samanburði við Bandaríkin og Bretland. Langflestir erlendir ferðamenn sem koma til landsins

nálgast vegalengdir og ferðatíma með öðrum hætti en Íslendingar. Í raun er því mikill kostur að allir ferðamannastaðir sem hér hafa verið nefndir eru í raun steinsnar hvor frá öðrum.

Líta má á Reykjavík sem stóra aðdráttaraflíð á svæðinu með alla sína vinsælu ferðamanna-, veitinga- og gistingastaði en hins vegar hafa nágrennasveitarfélögin ekki eins vinsæla staði og augljósa kosti. Ferðamannastaðir í námunda við segul gegna mikilvægu hlutverki – ef þeir eru nógu sterkir og áhugaverðir þá munu þeir laða ferðamenn að. Gott dæmi um þetta eru t.d. Friðheimar í Gullna hringnum, Diamond Beach hjá Jökulsárlóni og svo fjölmargir staðir í og við Mývatn. Þá er ekki síður mikilvægt að afþreying og þjónusta (t.d. varðandi mat og gistingu) í námunda við segulinn sé undirbúin fyrir aukna umferð, bjóði upp á áhugaverða valkosti og sé í stakk búin til að þjónusta þá ferðamenn sem ferðast um svæðið umhverfis segulinn. Allt ýtir þetta undir að ferðamenn velji að verja lengri tíma á svæðinu.

**Seltjarnarnes** er með augljósan segul í Gróttu sem er eitt af fáum friðlýstum svæðum í „borginni“ sem skapar því hiklaust ákveðna sérstöðu. Seltjarnarnes ætti að leggja mikla áherslu á Gróttu og svæðið þar í kring og um leið geta staðirnir við og í kringum Gróttu notið góðs af. Að auki er Gróttu aðeins í um 10 mínútna akstursfjarlægð frá miðbæ Reykjavíkur.

**Mosfellsbær** er ekki með ferðamannastað á topp 20 listanum samkvæmt þessari úttekt en Mosfellsbær er sannarlega næst einum af vinsælustu ferðamannastöðum höfuðborgarsvæðisins, Esju. Þarna gefst tækifæri til að hengja sig á einn af vinsælustu stöðunum. Að sama skapi eru þarna tækifæri fyrir t.d. Úlfarsfell sem mætti vísa á sem auðveldari kost fyrir fjallgöngu heldur en Esjuna. Síðan mætti einnig nefna Helgufoss og Gljúfrastein sem gætu verið augljósir viðkomustaðir fyrir ferðamenn á leiðinni austur á Þingvelli. Eins mætti skoða hvaða uppbygging gæti átt sér stað í jaðri Mosfellsbæjar til að þjónusta þann fjölda ferðamanna sem leggur leið sína á Esju. Annar möguleiki væri að tengja sig við Hvammsvík Hot Springs í Kjósarhreppi en sá staður er með um 3500 leitir á mánuði samtals í US og UK og enn fleiri leitir á Íslandi, en það er ykkar að meta hvort það sé gerlegt.

**Garðabær** er heldur ekki með stað inni á topp 20 listanum. Garðabær er það sveitarfélag sem fær fæstar leitir frá US og UK og er á sama tíma ekki með augljósa segla, að Bessastöðum undanskildum. Bessastaðir er segull fyrir svæðið út frá leitaráhuga og skoða mætti hvort það kæmi til greina að gera meira úr því að laða að ferðamenn þangað og vinna þannig markvissar með það sem er til staðar, t.d. að Garðabær sé „the home of the president of Iceland“. Að auki mætti skoða hvernig Garðabær gæti nýtt sér nálægð við aðra segla sem eru staðsettir í einungis nokkurra mínútna akstursfjarlægð, s.s. Smáralind, Sky Lagoon og Viking hotel/village.

**Kópavogur** skartar langvinsælasta ferðamannastað höfuðborgarsvæðisins út frá leitaráhuga og þar ættu að vera mikil tækifæri fyrir nærumhverfið að tengja sig við vinsældir þess. Þríhnúkagígur er annar vinsæll staður í landi Kópavogs og því væri upplagt fyrir svæðið að leggja mikla áherslu á þessa tvo vinsælu staði. Það er áhugavert að sjá fjölda leita í US og UK að Smáralind en um þriðjungur þessara leita er að Smáralind sjálfri á meðan meirihluti leitanna snýr að ákveðnum búðum í Smáralind.



**Hafnarfjörður** er með fulltrúa á topp 10 lista höfuðborgarsvæðisins en það er Víkingaþorpið og -hótelid. Þennan áhuga og sérstöðu er sannarlega hægt að vinna með og taka lengra fyrir Hafnarfjörð. Krýsuvík og Seltún eru einnig með góðar leitartölur sem hægt er að byggja á. Hafnarfjörður ætti, eins og önnur sveitarfélög á ytri jaðri höfuðborgarsvæðisins, að leggja sig fram við að benda á hvað ferðatími er stuttur á milli staða á höfuðborgarsvæðinu. Algengur ferðatími frá Hafnarfirði í miðbæ Reykjavíkur er 20–30 mínútur, sem svipar til ferðatíma á milli Brooklyn og Manhattan í New York með neðanjarðarlest (sem tekur 50–70 mínútur á bíl).

## 05 Ráðleggingar

Með hagsmuni svæðisins í heild þá mælum við með því að þeir seglar sem þið veljið sem áherslusegla séu vel dreifðir um svæðið, en ekki allir í hnapp, því þá aukast líkurnar á að ferðamenn verji meiri tíma á svæðinu.

Út frá leitaráhuga er alveg ljóst hvaða staðir eru vinsælastir en það eru þeir staðir sem raðast í efstu fimm sætin á listanum: Sky Lagoon, Harpa, Hallgrímskirkja, Phallogological Museum og Perlan. Hafa ber hins vegar í huga að leitaráhugi er einungis einn mælikvarði af nokkrum sem hægt er að nota til að velja segla.

Við teljum mikilvægt að hvert sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu hafi einn sterkan segul eða þá hið minnsta sterkt auðkenni (e. *identity*) sem geti skapað því sérstöðu þegar fram líða stundir. Einnig er vert að hafa í huga hve stuttar vegalengdir og ferðatími eru á svæðinu í samanburði við t.d. Bandaríkin og Bretland, sem er vafalaust mikill kostur fyrir svæðið.

Í þessari greiningu var ekki skoðaður leitaráhugi á ferðatengdum þemum eins og t.d. „Northern lights“, „Geothermal spa“ og „Whale watching“. Þar gætu leynst áhugaverð tækifæri, bæði fyrir svæðið í heild en ekki síst fyrir einstök sveitarfélög, að skapa sér sérstöðu sem hægt er að tengja við stærra þema.

Eins mætti nefna veitingastaði, hátíðir og mögulega gistingu, því þar gætu verið áhugaverðir staðir sem hægt væri að nýta í að efla áhuga á ákveðnum svæðum. Í þessu samhengi má nefna bæði Garðabæ og Mosfellsbæ sem ekki eru með eins vinsæla ferðamannastaði og hin sveitarfélögin ef litið er til leitaráhuga. Þau gætu mögulega nýtt sér þetta og unnið markvisst að því að byggja upp sterkan segul ef ekkert annað er á svæðinu sem hægt er að byggja á.

## 06 Nokkur orð um visitreykjavik.is

Vert er að nefna mikilvægi þess að vefurinn visitreykjavik.is endurspeglir það sem ferðamenn vilja upplifa, sem og þá staði sem þið teljið að uppfylli þeirra kröfur. Það er alveg ljóst að opinberir ferðavefir, á borð við visitreykjavik.is og visiticeland.com, eru mikið notaðir við skipulagningu og bókun ferða.

Samkvæmt könnun Ferðamálastofu frá árinu 2019 notuðu ferðamenn opinbera ferðavefi í 37,4% tilfella við skipulagningu ferða fyrir komuna til Íslands, en 35,7% þeirra nýttu sér þá eftir komuna til landsins við upplýsingaleit, skipulagningu og bókun.

Þetta undirstrikar mikilvægi þess að uppsetning og skipulag visitreykjavik.is sé í takt við það sem ferðamenn eru sannarlega að leita að. Að sama skapi er mikilvægt að seglum sé gert hátt undir höfði á vefnum í framsetningu efnis og með ítarlegri umfjöllun.

## 07 Framhaldið

Vinsælustu ferðamannastaðir höfuðborgarsvæðisins út frá leitaráhuga í Bandaríkjunum og Bretlandi er ein leið til að varpa ljósi á hverjir séu raunverulegir seglar svæðisins. Við teljum þessa skýrslu mikilvægt innlegg í þá vinnu sem framundan er hjá Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins þar sem hægt er að byggja ákvarðanir á áreiðanlegum gögnum.

Það er alveg ljóst að það verða aldrei allir sáttir við val á seglum. Því er mjög mikilvægt að útskýra vel ávinning svæðisins í heild sem og hlutverk allra í sambandi við segla svæðisins. Það geta ekki allir verið seglar og því er mikilvægt að gera sér grein fyrir þeim tækifærum sem eru fólgin í því að vera nálægt segli. Það munu allir njóta góðs af, á einn eða annan hátt, þegar fleiri ferðamenn sækja höfuðborgarsvæðið heim og verja þar meiri tíma en þeir hafa áður gert.

Ferðatengdur áhugi á höfuðborgarsvæðinu á tveimur stærstu erlendu mörkuðunum er svo sannarlega fyrir hendi og í því felast gríðarlega mikil tækifæri fyrir alla ferðabjónustuaðila á svæðinu. Nú er því rétti tíminn til að nýta sér þennan kraft, halda áfram öflugri uppbyggingu og ná enn meiri árangri með skýrari fókusi og aukinni samhæfingu.

## 08 Úrvinnsla gagna og heimildir

### Fjöldi leita

Hafa ber í huga að hér er ekki tæmandi listi yfir fjölda leita að viðkomandi stöðum, heldur fjöldi helstu ferða- og/eða upplýsingatengdra leitarorða sem vísa til þessara staða. Fjöldi leita að meðaltali á mánuði gefur því mjög sterka vísbendingu um vinsældir viðkomandi staða.

Samkvæmt Google má skilgreina fjölda leita á mánuði á eftirfarandi hátt:

*„Average monthly searches (“Avg. monthly searches”) shows the average number of searches for this keyword and its close variants based on the month range as well as the location and Search Network settings you selected. You can use this information to see how popular your keywords are during different times of the year.“*

### Markaðir

Í þessari greiningu skoðum við þrjá markaði:

- US: Bandaríkin, hlutfall ferðamanna 2022 var 26,99%, stærð markaðar 282 millj.
- UK: Bretlandseyjar, hlutfall ferðamanna 2022 var 13,55%, stærð markaðar 61 millj.
- IS: Ísland, allar leitir þegar fólk er staðsett á Íslandi, bæði heimamenn og ferðamenn á landinu, stærð markaðar: 459 þús.

Megináhersla er lögð á US og UK og því réð leitaráhugi á þeim mörkuðum för. US er stærsti markaður íslenskrar ferðapjónustu og UK er næststærstur, en þó töluvert minni. IS markaður er hafður með, bæði til að sjá mögulegan áhuga heimamanna en ekki síst til að sjá leitir ferðamanna þegar þeir eru á ferðalagi á landinu. Tölur frá IS voru hins vegar ekki látnar hafa áhrif á val og röðun á vinsælustu stöðunum, sérstaklega vegna þess að óvíst er hvort leitirnar séu gerðar af heimamönnum eða ferðamönnum. Nánari og dýpri skoðun á þessum gögnum væri efni í aðra greiningu.

Eftirfarandi tól voru notuð við gagnaöflun:

- SemRush
- Google Ads
- Instagram

Einnig voru nýtt gögn frá:

- [visitreykjavik.is](https://www.visitreykjavik.is) – Google Analytics
- [visitreykjavik.is](https://www.visitreykjavik.is) – vefur
- Ýmsar greinar um ferðamannastaði Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins

- Google Trends
- Ferðamálastofa – „Erlendir ferðamenn á Íslandi 2019: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf“
- Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins – samtöl og gögn


## 09 Viðauki: Trend í leit

Í þessum hluta skoðum við sérstaklega topp 10 vinsælustu ferðamannastaðina á höfuðborgarsvæðinu og könnum hvort leit að þessum stöðum fari dvínandi eða hafi aukist yfir fimm ára tímabil.

Einnig gerum við stuttlega grein fyrir leitaráhuga yfir fimm ára tímabil í Bandaríkjunum sem er stærsti einstaki markaður íslenskrar ferðaþjónustu. Línuritinn koma frá Google Trends og eru á skalanum 0 til 100, þau sýna hlutfallslegan leitaráhuga þar sem að 100 sýnir mestan áhuga á tímabilinu og 50 sýnir að leitaráhuginn hafi verið helmingi minni en þegar hann var mestur.

### Sky Lagoon

Sky Lagoon opnaði árið 2021, í miðjum heimsfaraldri, en það sést glögglega að leitaráhuginn á lóninu hefur verið á stöðugri uppleið alveg frá opnun.



*Leitaráhugi sl. fimm ára: Sky Lagoon*

### Harpa

Hér sést að leitaráhugi á Hörpu var hlutfallslega hærri árið 2019 en á sama tíma árið 2023. Mestur áhugi á síðastliðnum fimm árum var í september 2021.



*Leitaráhugi sl. fimm ára: Harpa*

## Hallgrímskirkja

Við fyrstu sýn virðist leitaráhugi á Hallgrímskirkju vera nokkuð stöðugur á tímabilinu. Hins vegar, ef teknar eru stikkprufur á mesta leitaráhuganum í maí 2019 og mesta leitaráhuganum í maí 2023, þá má sjá að hann var 46 árið 2019 en 36 árið 2023. Mestur áhugi á síðastliðnum fimm árum var í febrúar 2021.

Interest over time 



*Leitaráhugi sl. fimm ára: Hallgrímskirkja*

## Phallogical Museum

Leitaráhuginn hér virðist vera að aukast miðað við árin á undan. Mestur áhugi á síðastliðnum fimm árum var í ágúst 2023.

Interest over time 



*Leitaráhugi sl. fimm ára: Phallogical Museum*

## Perlan

Leitaráhugi á Perlunni hefur aukist mikið á síðustu tveimur árum, miðað við árin á undan. Mestur áhugi á síðastliðnum fimm árum var í janúar 2023.

Interest over time ⓘ




*Leitaráhugi sl. fimm ára: Perlan*

## Sun Voyager

Leitaráhuginn er nokkuð jafn yfir þetta tímabil. Mestur áhugi á síðastliðnum fimm árum var í apríl 2019, en mánaðarmótin júlí/ágúst 2023 voru ekki langt undan í áhuga.


Interest over time ⓘ



*Leitaráhugi sl. fimm ára: Sun Voyager*


## Viking village/hotel

Áhuginn á Viking village er svipaður og var fyrir COVID-19 faraldurinn. Mestur áhugi á síðastliðnum fimm árum var í janúar 2022. Hafa ber í huga að líklega eru leitir að öðru Viking village á Íslandi inni í þessu.



*Leitaráhugi sl. fimm ára: Viking village iceland*

Hins vegar er áhuginn minni á Viking hotel Iceland eftir COVID-19 faraldurinn miðað við fyrri ár. Mestur áhugi á síðastliðnum fimm árum var í apríl 2019.



*Leitaráhugi sl. fimm ára: Viking hotel Iceland*



## Flyover Iceland

Flyover Iceland opnaði um mitt ár 2019 og var leitaráhuginn nokkuð stöðugur næstu árin, líka á meðan á heimsfaraldri stóð. Áhuginn hefur aukist á árinu 2023. Mestur áhugi á síðastliðnum fimm árum var í september 2022.

Interest over time [?](#)



*Leitaráhugi sl. fimm ára: Flyover Iceland*

## Þríhnúkagígur

Leitaráhuginn er nokkuð svipaður fyrir og eftir COVID-19 faraldurinn. Mestur áhugi á síðastliðnum fimm árum var í júlí 2023.

Interest over time [?](#)



*Leitaráhugi sl. fimm ára: Inside the volcano Iceland*

## Lava Show

Það er nokkuð snúið að skoða leitartrend fyrir Lava Show, þar sem sýningin opnaði fyrst í Vík árið 2018 og svo í Reykjavík árið 2022.

Heilt yfir má segja að leitaráhuginn á Lava Show sé meiri undanfarin ár en verið hefur. Hins vegar var mestur áhugi á Lava Show síðastliðnum fimm árum í október 2019.

Interest over time ?



Leitaráhugi sl. fimm ára: Lava Show Iceland

Það er erfitt að lesa gögn varðandi Lava Show Reykjavík þar sem að sýningin opnaði einungis fyrir ári síðan.


Interest over time ?



Leitaráhugi sl. fimm ára: Lava Show Reykjavík

## 10 Viðauki: Myndir

### Reykjavík



Mynd 2: Yfirlit yfir 10 vinsælustu ferðamannastaði Reykjavíkur út frá leitaráhuga

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði

	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Harpa	19.700	4.210	<b>23.910</b>	17.790	41.700	29.495
2	Hallgrímskirkja	13.740	6.360	<b>20.100</b>	35.070	55.170	163.226
3	Phallological Museum	14.750	2.980	<b>17.730</b>	5.360	23.090	5.624
4	Perlan	9.880	7.090	<b>16.970</b>	39.680	56.650	24.973
5	Sun Voyager	6.120	2.370	<b>8.490</b>	14.800	23.290	42.705
6	Flyover Iceland	2.600	2.560	<b>5.160</b>	20.070	25.230	1.936
7	Lava show	2.420	1.350	<b>3.770</b>	5.580	9.350	1.875
8	Esja	2.540	1.200	<b>3.740</b>	3.000	6.740	31.146
9	National Museum of Iceland	1.900	1.030	<b>2.930</b>	2.180	5.110	993
10	Imagine Peace Tower	1.610	500	<b>2.110</b>	560	2.670	3.162

Tafla 3: Ferðamannastaðir í Reykjavík með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

## Garðabær




Mynd 3: Yfirlit yfir 5 vinsælustu ferðamannastaði Garðabæjar út frá leitaráhuga

		Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði					
	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Bessastaðir	330	650	<b>980</b>	540	1.520	1.952
2	Heiðmörk	210	150	<b>360</b>	1.460	1.820	6.085
3	Eimverk Distillery	200	60	<b>260</b>	260	520	1.229
4	Fisherman's Village Iceland	30	120	<b>150</b>	10	160	6
5	Álftaneslaug	70	40	<b>110</b>	1.180	1.290	29

Tafla 4: Ferðamannastaðir í Garðabæ með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

## Hafnarfjörður




Mynd 4: Yfirlit yfir 5 vinsælustu ferðamannastaði Hafnarfjarðar út frá leitaráhuga

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði

	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Viking hotel/village	3.680	2.760	<b>6.440</b>	2.490	8.930	374
2	Krýsuvík	880	520	<b>1.400</b>	1.900	3.300	22.983
3	Seltún	820	330	<b>1.150</b>	4.090	5.240	9.918
4	Leiðarendi	580	300	<b>880</b>	640	1.520	1.106
5	Kleifarvatn	590	280	<b>870</b>	1270	2140	7.535

Tafla 5: Ferðamannastaðir í Hafnarfirði með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

## Kópavogur



Mynd 5: Yfirlit yfir 5 vinsælustu ferðamannastaði Kópavogs út frá leitaráhuga

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði

	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Sky Lagoon	35.480	23.690	<b>59.170</b>	33.170	92.340	24.391
2	Þríhnúkagigur	3.530	980	<b>4.510</b>	1.120	5.630	9.671
3	Smáralind	930	720	<b>1.650</b>	47.010	48.660	7.792
4	Bláfjöll	670	730	<b>1.400</b>	9.860	11.260	7.466
5	Gerðarsafn	200	100	<b>300</b>	870	1.470	1.101

Tafla 6: Ferðamannastaðir í Kópavogi með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

## Mosfellsbær



Mynd 6: Yfirlit yfir 5 vinsælustu ferðamannastaði Mosfellsbæjar út frá leitaráhuga

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði

	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Helgufoss	330	120	450	770	1.220	656
2	Gljúfrasteinn	150	70	220	660	880	718
3	Hafravatn	60	50	110	400	510	1129
4	Úlfarsfell	50	50	100	1.080	1.180	4.040
5	Lágafellslaug	40	50	90	2130	2220	31

Tafla 7: Ferðamannastaðir í Mosfellsbæ með flestar leitir að meðaltali á mánuði.

## Seltjarnarnes



Mynd 2: Yfirlit yfir 5 vinsælustu ferðamannastaði Seltjarnarness út frá leitaráhuga

Fjöldi leita á mánuði að meðaltali sl. 12 mánuði

	Ferðamannastaðir	US	UK	US & UK	IS	Samtals	#myllumerki
1	Gróttta	2.060	720	<b>2.780</b>	6.170	8.950	2.358
2	Kvika Footbath	260	110	<b>370</b>	230	600	152
3	Golfklúbbur Seltjarnarness	240	90	<b>330</b>	210	870	34
4	Seltjörn	170	90	<b>260</b>	1.030	1.290	168
5	Church of Seltjarnarnes	190	70	<b>260</b>	260	520	105

Tafla 8: Ferðamannastaðir á Seltjarnarnesi með flestar leitir að meðaltali á mánuði.